

Ár 1982, fimmtudaginn 15. júlí, var í málinu nr. 21/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Gunnar Guðmundsson, eigandi fasteignarinnar Bræðratungu í Stokkseyrarhreppi, Arnessýslu, hefur kært fasteignamat eignar þessarar og álagningu fasteignaskatts á hana. Nær kærán til fasteignamats þess, sem tók gildi 1. desember 1980 og 1. desember 1981, svo og álagningar fasteignaskatts á árunum 1981 og 1982.

Kærandi varð eigandi umræddrar eignar með afsali, dags. 1. nóvember 1979. Um var að ræða 19150 fermetra land og því fylgdi íbúðarhús, sem reist hafði verið 1910, auk ýmissa útihúsa. Þessar byggingar voru að meira eða minna leyti úr sér gengnar. Kærandi hefur lagfært íbúðarhúsið og notar það sem sumarbústað.

Land og ræktun voru tekin til endurmats með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 14. febrúar 1980 og eignin í heild með úrskurði frá 15. desember s.á. Fór þá fram allsherjarendurskoðun á fasteignamati lands og lóða á Stokkseyri.

Samkvæmt gögnum málsins verður ekki talið, að rök séu til að taka til fasteignamats annað en land, áður nefnt íbúðarhús og geymsluhús (matshluti 07 í framlögðum fasteignamatsskrám). Matsverð lands telst hæfilega ákveðið gkr. 5.000.000,- í fasteignamati því, er gekk í gildi 1. desember 1980 og kr. 72.500,- í fasteignamatinu frá 1. desember 1981. Hús og geymsluhús eru hæfilega metin af Fasteignamati ríkisins.

Við álagningu fasteignaskatts á árunum 1981 og 1982 ber að leggja til grundvallar fasteignamat samkvæmt úrskurði þessum.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Fasteignamat eignarinnar Bræðratungu í Stokkseyrarhreppi ákveðst þannig:

Í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1980:


00 Land á gkr. 5.000.000,-, 01 Sumarbústaður á gkr. 3.418.000,- og 02 Geymsla á gkr. 230.000,-.


Í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1981:

00 Land á kr. 72.500,-, 01 Sumarbústaður á kr. 50.000,- og 02 Geymsla á kr. 3.000,-

Ofangreint fasteignamat samkvæmt úrskurði þessum skal leggja til grundvallar fasteignaskatti árunum 1981 og 1982.


Gaukur Jörundsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon